Vor 2020 tbl 1

Fréttabréf félagsliða

„Það er auðvelt að vera öðruvísi en það er erfitt að vera betri“

– Jonathan Ive

Dagbók 2020

Félagið sendi út í fyrsta sinn dagbók fyrir alla virka félagsmenn fyrir árið 2020. Stjórn félagsins er stolt af þróun þess sem og var því ákveðið að gefa félagsmönnum ár hvert dagbók. Bókin er sérhönnuð fyrir tímaskráningu og því mjög hentug til að skrá alla vinnutíma hjá sér. Einnig er þar að finna margskonar fróðleik.

Pistill formanns

Ný stjórn tók við á síðasta aðalfundi. Hana skipa Sigurbjörg Sara Róbertsdóttir formaður, Kolbrún Björnsdóttir varaformaður, Kristbjörg Óladóttir gjaldkeri, Matthildur Ómarsdóttir ritari, Sveinn Pálsson meðstjórnandi, Sissa Gestsdóttir meðstjórnandi, Ólöf Sigurðardóttir meðstjórnandi og Guðrún Geirsdóttir varamaður. Formaður og fulltrúar stéttarfélaganna hafa ítrekað óskað eftir fundi með heilbrigðisráðherra varðandi löggildingu stéttarinnar síðan 16. maí 2019 s.l., enn sem komið er hefur ekki verið ákveðinn dagur eða tími en við gefumst ekki upp. Félagið hefur verið að vinna að því að færa námslok félagsliða upp á 3 hæfni-þrep og hefur það gengið vonum framar. Von er á niðurstöðum frá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu á vordögum. Félagið hefur líka aukið samvinnu milli allra formanna stéttarfélaga og hefur formaður félagsins lagt mikla áherslu á að stéttarfélögin hafi gríðarlega öflugan faghóp sem skiptir miklu máli þegar kemur að því að meta nám stéttarinnar til launa.

Kjarasamningar hafa verið lausir síðan í mars/apríl 2019 og við fögnum því að nú hefur verið skrifað undir nýja kjarasamninga. Stærstu tímamótin í nýju samningunum eru án efa ákvæði um styttingu vinnuvikunnar án launaskerðingar. Félagsliðar í dagvinnu geta nú stytt vinnuvikuna niður í allt að 36 stundir. Vinnuvika félagsliða í vaktavinnu styttist þá í 36 stundir og er mögulegt að stytta hana allt niður í 32 stundir. Félagið skorar á alla félagsmenn okkar að kynna sér vel nýju kjarasamningana hjá sínum stéttarfélögum.

Ákveðið hefur verið að efla félagsfundi yfir árið, það skiptir stéttina gríðarlega miklu máli að félagsliðar mæti á fundi og sýni samstöðu, því án félagsmanna getur félagið ekkert gert. Eins og staðan er í dag eru 355 virkir félagsliðar á skrá í félaginu og viljum við auka það enn frekar og skorum því á alla félagsliða að koma í félagið. Því fleiri, því betri staða fyrir félagsliðarstéttina.

Stöndum saman og sýnum samstöðu - mætum á fundi!

Fræðsludagur félagsliða

Fræðsludagur félagsliða var í þetta sinn haldin á Fosshóteli í Reykjavík. Starfsgreinasamband Íslands styrkir stærsta viðburðinn okkar. Félagið fékk Örnu Jakobínu formann Kjalar og varaformann BSRB til að koma og kynna fyrir félagsliðum hvernig starfsmatið innan sveitarfélaganna virkar. Hægt er að lesa allt um það inn á heimasíðu félagsins www.felagslidar.is. Flosi Eiríksson, framkvæmdastjóri SGS kom og greindi frá hver staðan væri í kjarasamningum sem þá voru lausir. Fulltrúi frá VIRK kom og sagði frá starfseminni þar og voru félagsmenn mjög áhugasamir um erindið. Einnig kom starfsmaður frá Ríkis- og Sveitamennt sem kynnti fyrir okkur starfsemina þar og hvernig félagsmenn sækja um niðurgreiðslu á námskeiðum og þess háttar.

Vörur

Stór hluti af fjárveitingu félagsins kemur frá sölu af varningi. Það skiptir miklu máli að félagsliðar séu vel merktir í samfélaginu okkar og geri okkur sýnilegri.

Þinn stuðningur skiptir okkur gríðarlega miklu máli!

- Félagsnælan – 3.000,-
- Taupoki – 2.000,-
- Bolir – 2.500,-
- Lyklakippa – 1.000,-
- Penni – 1.000,-
- Hálsband – 1.500,-

Hægt er að panta vörurnar með því að senda okkur póst á facebooksíðu okkar https://www.facebook.com/felagslidar eða á netfangið okkar felagslidar@felagslidar.is

Aðalfundur félagsins

Á aðalfundi félagsins er kosið í embætti formanns, varaformanns, ritara, gjaldkera, þriggja meðstjórnenda og tveggja einstaklinga í varastjórn. Félagsmenn eru minntir á að vilji þeir vera í stjórn félagsins þurfi þeir að gefa kost á sér. Við hvetjum sérstaklega félagsmenn sem eru búsettir úti á landi að gefa kost á sér og hvetjum við karlmenn til að gera slíkt hið sama.

Aðalfundur
Félag íslenskra Félagsliða

Þriðjudaginn 14.apríl 2020 verður aðalfundur Félag íslenskra félagsliða haldinn í húsi BSRB, Grettisgötu 89, 1 hæð.
Fundurinn byrjar kl 18:00

Aðalfundur – Fundarefni:

1. *Kosning fundarstjóra og fundarritara*
2. *Skýrsla formanns*
3. *Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga*
4. *Ákvörðun um árgjald*
5. *Lagabreytingar*
6. *Kosning stjórnar*
7. *Fjárhagáætlun næsta árs lögð fram*
8. *Önnur mál*

Aðalfundurinn verður fjarfundaður fyrir landbyggðina og mun stjórnin auglýsa slóð sem hægt verður að fylgjast með fundinum.

Við hvetjum auðvita alla félagsmenn að mæta á aðalfundinn og sýna samstöðu.

Stjórn Félag íslenskra Félagsliða

FÉLAG ÍSLENSKRA FÉLAGSLIÐA